

12. FUNDUR Í STJÓRN UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

BORGARNESI, ÞRIÐJUDAGINN 16. DESEMBER 2019 KL. 10:00

Fundur haldinn í stjórn Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, þriðjudaginn 16. desember kl. 10:00 á skrifstofu SSV í Borgarnesi.

Mætt voru:

Stjórn: Helena Guttormsdóttir formaður stjórnar, Brynjar Sigurðsson, Jónína Erna Arnardóttir. Sigríður Finsen var með símleiðis. Kristján Sturluson boðaði forföll. Fagráð: Ragnheiður Valdimarsdóttir formaður fagráðs, S. Arnar Sæmundsson, Guðsteinn Einarsson, Ingunn Stefánsdóttir og Elva Ösp Magnúsdóttir. Trausti Gylfason boðaði forföll.

Auk þess sátu fundinn eftirtaldir starfsmenn SSV: Ólafur Sveinsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson, Páll Brynjarsson og Svala Svavarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. FUNDARSETNING

Páll Brynjarsson bauð fundargesti velkomna og fól Helenu formanni stjórnar fundarstjórnina. Helena tók við og byrjaði á umræðum um umsóknarkerfið og urðu nokkrar umræður og þá aðallega á þörfinni á einföldun þess. Þá var gengið til dagskrár.

2. AUGLÝSINGAEFNI OG KYNNINGARMÁL

Svala sýndi fjögur kynningarinnslög sem SSV hefur látið gera og nýtir nú sem markaðsefni fyrir sjóðinn. Fjögur innslög til viðbótar eru í vinnslu og verða tilbúin snemma á nýju ári 2020.

3. SÓKNARÁÆTLUN 2020-2024 – MENNINGARSTEFNA - VERKLAGSREGLUR

Svala kynnti stuttlega sóknaráætlun 2020-2024, verklagsreglur sjóðsins, heimasíðuna og viðmótið í umsóknargáttinni fyrir fulltrúum í stjórn og fagráði. Þá kynnti Sigursteinn Menningarstefnu Vesturlands.

4. TÖLFRÆÐI YFIR STYRKVEITINGAR

Svala fór yfir tölfræðina í styrkveitingum 2019 og hvernig þær skiptust á milli svæða. Mikil umræða skapaðist og ákveðið að Svala sendi frekari tölur á stjórn og fagráð yfir síðustu ár.

5. SKIPULAG Á YFIRLESTRI UMSÓKNA, VERKLAG Á FAGRÁÐSFUNDUM, MATSBLÖÐ OFL.

Svala gerði grein fyrir fjölda umsókna um styrki til uppbyggingarsjóðs. Alls bárust 143 umsóknir, 35 umsóknir voru atvinnu- og nýsköpunarverkefni 91 umsóknir voru menningarverkefni, 16 umsóknir voru stofn- og rekstrarstyrkir til menningarmála. Rætt var um vinnulag við yfirferð umsókna í fagráði. Ákveðið að nota sama verklag og var tekið upp 2019. Það er á þann veg að umsóknum í menningarhlutanum er skipt niður í 6 flokka og í hverjum flokki eru um 15 umsóknir. Í hverjum flokki er fyrsti lesari og annar lesari. Hver fulltrúi í fagráði er fyrsti lesari yfir einum flokk og annar lesari í öðrum flokki. Þá lesa fulltrúar umsóknirnar í sínum flokkum og rýna í þær jafn vel hvort sem þeir eru fyrsti eða annar lesari. Á lokafundi fagráðs kynnr fyrsti lesari umsóknirnar í sínum flokki og annar lesari getur þá bætt við ef þess gerist þörf. Ákveðið að óbreytt verklag sé á umsóknum í atvinnu- og nýsköpunarhlutanum sem og stofn- og rekstrarstyrkja til menningarmála hlutanum en þá lesa allir fulltrúar vel yfir allar umsóknir. Ákveðið að Svala sendi fagráði skjal með nákvæmri skiptingu flokka. Ragnheiður stýrir í framhaldinu skiptingu flokka niður á nefndarmenn.

6. TÍMAPLAN

Rætt um tímasetningar á fundum fagráðs, úthlutunarnefndar og úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Ákveðið var:
Fundur hjá fagráði verður 20. janúar
Fundur hjá úthlutunarnefnd verður 24. janúar
Úthlutunarhátíð er áætluð 7. febrúar
Svala sér um að boða fundina.

Rætt um staðsetningu úthlutunarhátíðar og fundurinn samþykkti að hún yrði í Hvalfjarðarsveit.

7. Skipting fjármuna

Á Haustþingi SSV 2019 var samþykkt að nýta 60 m.kr. af fjárveitingu til Sóknaráætlunar Vesturlands til Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Sjóðurinn hefur því 60 m.kr. til úthlutunar á árinu 2020.

Svala kynnti stöðuna á því fjármagni sem ekki var nýtt að fullu fyrir árin 2018 og 2019 og eru rúmlega 15.mkr. uppsafnaðar.

Lagt er til að fjármagninu á árinu 2020 verði skipt þannig að 31 m.kr. fari til menningarstyrkja og stofn- og rekstrarstyrkja menningarverkefna og 29 m.kr. fari til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Jafnframt var lagt til að rúmar 15 m.kr. sem eru til uppsafnaðar verði notaðar í Öndvegissstyrki þar sem auglýst verði sérstaklega eftir umsóknum og stefnt að því að sú úthlutun verði í síðasta lagi í maí. Samþykkt samhljóða.

Góðar umræður um menningu, atvinnumál, vinnuferla og fleira.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:05.